

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands hf., Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Við setningu laga nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, voru felldar brott tvær greinar í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Með frumvarpi þessu er lagt til að greinarnar verði teknar inn í löginn að nýju.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 2. maí 2006.

Pétur H. Blöndal,
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Guðjón Ólafur Jónsson.

Birgir Ármannsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta Möller.

Ögmundur Jónasson.

Lúðvík Bergvinsson.